



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn

Óskað hefur verið eftir svari við fyrirspurn, dags. 21. ágúst 2020, um nýjar tímabundnar innheimtureglur Reykjavíkurborgar. Beðist er velvirðingar á hversu seint svarið berst en fyrirspurnin kom í kjölfar fyrirspunar sem áður hafði verið svarað. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Í svarbréfi fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna fjöldi þeirra sem ekki njóta þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila kemur fram að þann 22. júní sl. voru 39 í uppsagnarferli, samkvæmt skóla- og frístundasviði, og höfðu frest til 1. ágúst sl. til að ganga frá greiðslu eða semja um vanskil. Í svarbréfinu er einnig tekið fram að að samkvæmt hinum nýju tímabundnu innheimtureglum Reykjavíkurborgar er hægt að sækja um allt að þriggja mánaða gjaldfrest á hvaða þjónustugjöldum sem er hjá Reykjavíkurborg. Hefði verið hægt að setja þann gjaldfrest á skuldir aðila hjá skóla- og frístundasviði? Var það gert, eða hefði það þurft að eiga sér stað áður en skuldin var komin í innheimtuferli? Hefði ekki verið hægt að bæta þessum gjaldfresti aftan við skuldina svo að hún færi ekki í vanskil eða var slíkt kannski gert í einhverjum tilfellum?“

Hinar tímabundnu innheimtureglur sem settar voru í tengslum við aðgerðir vegna Covid faraldursins giltu til 31. desember 2020 og voru síðan framlendar um eitt ár. Eftir það tóku gildi nýjar innheimtureglur með tveimur viðaukum, annars vegar viðauki 1 vegna innheimtu fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði skv. II. kafla laga nr. 22/2021 og hins vegar viðauki 2 sem er heimild til greiðsludreifingar almennra krafna.

Skv. tímabundnu innheimtureglunum vegna Covid faraldursins var hægt að óska eftir að lengja í eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna (þ.e. kröfum vegna veittrar þjónustu til borgarbúa) á gildistíma reglnanna. Þetta átti ekki við um gjöld sem greiða þurfti áður en ákveðin þjónusta var veitt á umhverfis- og skipulagssviði. Hægt var að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum sem lengt var í eindaga á í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar.

Eins og áður sagði hafa þessar tímabundnu innheimtureglur fallið úr gildi og voru nýjar innheimtureglur með viðaukum samþykktar í borgarráði 6. janúar 2022. Í viðauka 2 með þessum reglum, sem fjalla um heimild til greiðsludreifingar almennra krafna segir: „Momentum, greiðslu- og innheimtuþjónusta, sem sér um milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg, er heimilt að gera sérstakt greiðslusamkomulag við greiðendur almennra



krafna útgefnum af Reykjavíkurborg. Heimilt er að gera greiðslusamkomulag til allt að 10 mánaða. Dráttavextir reiknast á kröfur á meðan á samkomulagi stendur. Verði vanskil á greiðslu vegna greiðslusamkomulags eða vegna frekari viðskipta við Reykjavíkurborg fellur greiðslusamkomulagið úr gildi og innheimtuferli heldur áfram þaðan sem frá var horfið þegar greiðslusamkomulag var gert. Alla nýja gjalddaga þarf að greiða samhliða greiðslusamkomulaginu.“

Þessi viðauki veitir heimild til þess að dreifa greiðslum til allt að 10 mánaða en tímabundnu reglurnar heimiluðu dreifingu aðeins til 6 mánaða.

Varðandi spurningar í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um nýjar tímabundnar innheimtuleglur Reykjavíkurborgar þá eru svörin eftirfarandi.

1. Hefði verið hægt að setja þann gjaldfest á skuldir aðila hjá skóla- og frístundasviði?
 - Já, það var hægt að lengja í eindaga í allt að 90 daga og óska síðan eftir greiðsludreifingu til allt að 6 mánaða á öllum kröfum skóla- og frístundasviðs.
2. Var það gert, eða hefði það þurft að eiga sér stað áður en skuldin var komin í innheimtuferli?
 - Eindagi er almennt 30 dögum á eftir gjalddaga. Almennar kröfur fara í milliinnheimtu 25 dögum eftir eindaga, eða 55 dögum eftir gjalddaga. Það var því hægt að óska eftir 90 daga lengingu í eindaga eftir að krafa fór í milliinnheimtu.
3. Hefði ekki verið hægt að bæta þessum gjaldfresti aftan við skuldina svo að hún færi ekki í vanskil eða var slíkt kannski gert í einhverjum tilfellum?
 - Gjaldfrestinum var ekki bætt aftan við skuldina en þegar lengt er í eindaga er sá tímafrestur lengdur þar sem hægt er að greiða skuldina án dráttarvaxta. Dráttarvextir falla ekki á fyrr en eindagi er liðinn en þá eru þeir reiknaðir frá gjalddaga. Þannig að ef aðilar sem höfðu lengt í eindaga greiddu skuldina fyrir eindaga þá féllu dráttarvextir ekki á skuldina. Ef þeir náðu ekki að greiða fyrir eindaga þá féllu á skuldina dráttarvextir sem voru reiknaðir frá gjalddaga.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs